

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar 1996/1997.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða á tímabilinu frá og með 1. júlí 1996 til 1. maí 1997.

2. gr.

Aðeins skipum, sem aflamark hafa í loðnu, er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjalddöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávaraflla.

3. gr.

Veiðar eru heimilaðar í lögsögu Íslands, Grænlands og Jan Mayen með þeirri takmörkun að veiðar í lögsögu Grænlands eru bannaðar sunnan 64°30'N

4. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal, þegar skipið siglir inn í fiskveiðilögsögu Jan Mayen eða Grænlands til veiða, tilkynna staðsetningu skipsins til hlutaðeigandi eftirlitsaðila í Noregi og Grænlandi, í samræmi við leiðbeiningar Fiskistofu þar að lútandi. Ennfremur skal tilkynna til sömu aðila um loðnuaflla, sem veiddur er í lögsögu Grænlands og Jan Mayen, samkvæmt leiðbeiningum Fiskistofu.

5. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal í skeyti tilkynna áætlaðan loðnuaflla til veiðieftirlits Fiskistofu, strax þegar skip heldur til lands til löndunar aflla. Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef afli er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reiti.

6. gr.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið, að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa til þess að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokunar veiðisvæða, sbr. 8. gr. laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fari hlutfall smærri loðnu en 14 cm yfir 20%, miðað við fjölda. Stærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðenda.

7. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot á viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi

Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á loðnuvertíðinni 1996/1997, sbr. 1. gr., er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða 737.000 lestir af loðnu.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. júní 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 350

25. júní 1996

REGLUGERÐ

um nýtingu afla og aukaafurða.

1. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla en þó skal sleppa lifandi þorski og ufsa styttri en 50 cm að lengd og ýsu styttri en 45 cm, sem fæst á handfæri.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að varpa fyrir borð afla sem sýktur er, selbitinn eða skemmdur á annan hátt, og sem ekki hefði verið unnt að komast hjá í veiðum þeim sem um er að ræða. Þá er heimilt að varpa fyrir borð fisktegundum, sem ekki sæta takmörkunum í leyfilegum heildarafla, enda hafi viðkomandi tegund ekki verðgildi.

2. gr.

Heimilt er að varpa fyrir borð innyflum, hausum og öðru því sem fellur til við verkun og vinnslu afla um borð í veiðiskipum, enda verði þessi fiskúrgangur ekki nýttur með arðbærum hætti.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal skylt að hirða og koma með að landi öll þorsk- og ufsa-hrogn. Þá er og skylt að hirða og koma með að landi allan afskurð sem fellur til við snyrtingu á þorsk-, ýsu- og ufsaflökum um borð í fullvinnsluskipum.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengi um nytjastofna sjávar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengi um nytjastofna sjávar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 205, 29. apríl 1991, um nýtingu aukaafurða.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. júní 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.